

Ég þarf að fara til læknisins og fara í veirupróf




Ég er lasin(n).

Ég er með hita, hósta eða á erfitt með að anda.



FEVER



COUGH



SHORTNESS
OF BREATH



SORE THROAT



HEADACHE




Ég þarf að fara til læknisins til að hægt sé að finna út hvað er að gera mig veika(n) og hjálpa mér að líða betur.

Af því að allir eru mjög varkárir vegna nýju kóróna veirunnar þá verður sumt öðru vísi þegar ég fer og hitti lækninn í þetta skiptið.

Ég þarf að vera með grímu.



Það geta verið línur á gólfinu sem segja hvar ég má og má ekki fara og ég þarf að bíða á ákveðnum stað eftir að það komi að mér.



Hjúkrunarfræðingurinn eða læknirinn verður í sérstökum fötum, með grímu, í sérstökum slopp og með vörn fyrir andlitinu.




Þetta er til að stoppa veiruna frá því smita aðra eða mig.

Þegar ég fer til læknisins þá reyni ég að snerta ekki annað fólk eða andlitið mitt.



Hjúkrunarfræðingurinn eða læknirinn gerir ákveðið próf til að skoða hvað er að gera mig veika(n). Til að gera prófið þá þarf að stinga þrjóni upp í nefið mitt **og/eða** munninn.



Það getur verið skrítíð eða óþægilegt en það tekur bara nokkrar sekúndur. Ég get það alveg!

Ég þvæ mér um hendurnar **og/eða** spritta þær þegar ég er búin(n).



Ég fer svo heim og hvíli mig í herberginu mínu þar til að mér líður betur og læknarnir segja að það sé öruggt fyrir mig að koma fram aftur.

